



Viðauki - breytingar, færslur og opin atriði

Dagsetning: 19.9.2026

Til: Vinnuhópa um öryggi, húsnæði og búsetu og skólahald

Frá: Sigurði Rúnari Karlssyni og Dóru Hjálmarsdóttur

Efni: Sameiginlegur viðauki með minnisblöðum vinnuhópanna þriggja

Þessi viðauki fylgir minnisblöðum vinnuhópanna þriggja og heldur til haga þeim breytingum sem gerðar hafa verið, færslum vísa milli hópa, leiðréttingum í aðgerðaskjalinu og þeim atriðum sem eru enn opin. Hann er sameiginlegur svo allir hópar sjái sömu mynd af því sem hreyfðist.

Viðaukinn fylgir þremur minnisblöðum sem öll eru dagsett 19.9.2026: mati á öryggi í Grindavík í útgáfu 7, mati á öryggi húsnæðis og búsetu í útgáfu 5, og mati á skólahaldi og velferð barna í útgáfu 5. Auk þeirra fylgir MS6 um stjórnsýslu og fjármögnun sem sérstakt skjal.

1. Matssvæði

Á fundi vinnuhópa 9.9.2026 var samþykkt að mat öryggishópsins nái yfir byggð og landsvæði innan varnargarða í þéttbýli Grindavíkur, þar með talið Þórkötlustaðahverfi og bæinn Hraun, enda er hvort tveggja varið af hraunvarnargörðum.



Matssvæði, samþykkt á fundi vinnuhópa 9.9.2026. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Veituvísar hjá húsnæðis- og búsetuhópi ná hins vegar út fyrir þessi mörk. Rafmagn og hitaveita koma frá Svartsengi og neysluvatn úr vatnsbólum í Lágum, og stofnlagnir og aðveituæðar liggja þaðan að þéttbýlinu. Aðgerðir sem varða þau mannvirki eru metnar þótt þau liggi utan varnargarða.

2. Fjöldi vísa og aðgerða

Hópur	Vísar	Aðgerðalínur	Einstakar aðgerðir
Öryggi í Grindavík · v7	13, þar af einn forsenduvísir	114	83
Öryggi húsnæðis og búsetu · v5	5	47	42
Skólahald og velferð barna · v5	5	37	35
Samtals með tvítalningu	23, þar af einn forsenduvísir	198	160
Einstakar aðgerðir án tvítalningar			153

Aðgerðalínur telja hverja aðgerð einu sinni fyrir hvern vísi sem hún ber. Einstakar aðgerðir telja hverja aðgerð einu sinni óháð því hvað hún ber marga vísa. Neðsta línan telur hverja aðgerð einu sinni á öllu verkefninu, óháð hópum; munurinn þar liggur í aðgerðum sem bera vísa í fleiri en einum hópi. Tuttugu og tveir vísar bera vægi og skila stigum; forsenduvísirinn ÖR0 ber hvorugt og setur aðeins þak á lit.

MS6 um stjórnsýslu og fjármögnun stendur utan hópa og er ekki talinn hér. Hann ber þrettán aðgerðir, þar af níu sem eiga sér samsvörin í hópunum þremur og eru því taldar þar. Fjórar aðgerðir hans eru hreint fjármögnunarmál án aðgerðar í hópunum.

Staða aðgerða eftir hópum

Hver aðgerð er talin einu sinni innan síns hóps. Aðgerð sem er forsenda í einum vísi og styrking í öðrum telst í þriðju röðinni, svo samtalan svari til fjölda einstakra aðgerða.

Öryggi í Grindavík · v7

Flokkur	1	0,75	0,5	0,25	0	Alls
Eingöngu forsenda	30	6	0	0	0	36
Eingöngu styrking	17	9	6	5	1	38
Bæði forsenda og styrking	5	4	0	0	0	9
Alls	52	19	6	5	1	83

Öryggi húsnæðis og búsetu · v5

Flokkur	1	0,75	0,5	0,25	0	Alls
Eingöngu forsenda	21	1	0	0	0	22
Eingöngu styrking	11	2	3	3	1	20
Bæði forsenda og styrking	0	0	0	0	0	0
Alls	32	3	3	3	1	42

Skólahald og velferð barna · v5

Flokkur	1	0,75	0,5	0,25	0	Alls
Eingöngu forsenda	11	5	0	0	0	16
Eingöngu styrking	12	4	3	0	0	19
Bæði forsenda og styrking	0	0	0	0	0	0

Alls	23	9	3	0	0	35
-------------	-----------	----------	----------	----------	----------	-----------

Heild án tvítalningar

Flokkur	1	0,75	0,5	0,25	0	Alls
Eingöngu forsenda	57	12	0	0	0	69
Eingöngu styrking	37	15	12	8	2	74
Bæði forsenda og styrking	6	4	0	0	0	10
Alls	100	31	12	8	2	153

Engin forsenda í neinum hópi stendur undir 0,75. Þess vegna ber enginn vísir þak og öll þrjú minnisblöðin mælast græn. Níu aðgerðir í öryggi bera báða flokka, og í heildinni bætist við aðgerð 34, sem er forsenda í ÖR4 en styrking í SK4.

Aðgerðir sem bera vísa í fleiri en einum hópi

Nr	Aðgerð	Hópar
1	Viðgerðir á sprungum, merkingar og öryggisgirðingar hættusvæða í þéttbýli	Öryggi, Húsnæði
3	Kortasjá, raunupplýsingar	Öryggi, Húsnæði
4	Niðurrif ónýtra húsa í þéttbýli	Öryggi, Húsnæði
5	Jarðkönnun innan þéttbýlis, götur og íbúðasvæði	Öryggi, Skólahald, Húsnæði
34	Upplýsingar um viðkvæm heimili fyrir hendi	Öryggi, Skólahald
67	Bygging og viðhald varnargarða við Grindavík	Öryggi, Húsnæði

Sameiningar aðgerða

Í lokaútgáfum bera heiti aðgerða ekki lengur sviga með þeim númerum sem sameinuð voru inn í þær. Sameiningarnar eru skjalfestar hér og í aðgerðaskjali vinnuhópanna.

Nr	Aðgerð	Féllu inn
12	Upplýsingaskilti, uppsetning og uppfærsla	X1
14	Rýmingaráætlanir stofnana Grindavíkurbæjar	54
15	Ritun rýmingarleiðbeininga og útburður	19
16	Heimasíða Grindavíkurbæjar og leiðbeiningar	23
31	Áætlun um reglulega almenna kynningarfundir	52
35	Flautubúnaður Grindavík, búnaður, prófun og viðvörun	42
38	Vöktun lokana og hættusvæða, girðingar og skilti	39, 40, 41
65	Skilgreining lágmarksviðbragðs viðbragðsaðila	71
69	Greiðar flóttaleiðir	X29
73	Sýnileiki viðbragðsaðila, eftirlitsferðir og heimsóknir	61
105	Samningur um skólaþjónustu við Reykjanesbæ	129
106	Áætlun um skólahald við rýmingu, innan og umfram fimm daga	107
122	Rýmingaráætlun leik- og grunnskóla uppfærð	138, 139
123	Rýmingaráætlun kynnt starfsfólki, börnum og foreldrum	140
124	Rýmingaráætlun prófuð og æfð	141

125	Prófunaráætlun og æfingar vegna rýmingar við hljóðmerki	142, 154, 164
127	Barnavernd, samningur við Reykjanesbæ	144
151	Rýmingaráætlanir þrumunnar og Íþróttamiðstöðvar uppfærðar	161
152	Rýmingaráætlanir kynntar starfsfólki, börnum og foreldrum	162
153	Rýmingaráætlanir prófaðar og æfðar	163
155	Mentor SMS nýtt til upplýsingagjafar um rýmingu	165
215	Ný lagnaleið hitaveitu, athugun og framkvæmd	216
307	Kynning þrepaskiptingar rýmingar og enduropnunar	308

Númer sem féllu inn í aðra aðgerð losna og hafa sum verið endurnýtt fyrir nýjar aðgerðir. Það á við um 129, 138, 139, 141, 142, 144 og 154, sem öll eru virk aðgerðanúmer í lokaútgáfunum. Dálkurinn heldur til haga hvaðan númerið kom, en segir ekki að það standi autt.

3. Ný auðkenni vísa

Öryggi í Grindavík

Nýtt	Gamalt	Heiti
ÖR0	—	Forsenduvísir
ÖR1	TP6	Öruggar rýmingar
ÖR2	TP2	Vöktun hættusvæða
ÖR3	TP1	Upplýsingar og viðvaranir gesta
ÖR4	PR2-MS4	Stuðningur við viðkvæma íbúa
ÖR5	PR1	Viðvaranir og skilningur
ÖR6	MS5-TP4	Viðbragðsgeta neyðarþjónustu
ÖR7	PR3.5	Fjarskipti
ÖR8	PR3.6	Samgöngur
ÖR9	PR11	Rýmingargeta skólastofnana
ÖR10	PR13	Rýmingargeta í íþrótt- og æskulýðsstarfsemi
ÖR11	—	Rýmingargeta stofnana Grindavíkurbæjar
ÖR12	BO6	Upplýsingamiðlun og samskipti

Húsnæði og búseta

Nýtt	Gamalt	Heiti
HU1	PR7a	Öruggt húsnæði og lóðir íbúa og stofnana
HU2	PR3.1	Rafveita
HU3	PR3.2	Hitaveita
HU4	PR3.3	Vatnsveita
HU5	PR3.4	Fráveita

Skólahald

Nýtt	Gamalt	Heiti
SK1	PR4	Samfella í skólastarfi
SK2	MS2	Mönnun og staðbundin geta
SK3	PR7	Öryggi skólahúsnæðis og lóða
SK4	PR5-MS3	Barnavernd og samfella í heilbrigðis- og félagsþjónustu skóla
SK5	PR12	Samfella í íþrótt- og æskulýðsstarfi

4. Breytingar á aðferð

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á fundum stóra rýnihópsins 2. september og vinnuhópanna 9. september og gilda í öllum vinnuhópum.

Atriði	Breyting
Ný númering vísa	Vísar fá ný auðkenni eftir vinnuhópum: ÖR í öryggi, HU í húsnæði og búsetu og SK í skólahaldi. Gömlu kóðarnir, PR, TP, MS og BO, falla út úr minnisblöðunum. Samsvörun gamalla og nýrra heita er í kafla 3.
Forsenduvísir	Nýr fyrsti vísir hvers hóps samkvæmt tillögu 2 í næmisprófun. Hann ber engin stig og ekkert vægi, en tekur lit þeirrar forsenduaðgerðar sem lægst stendur og setur þann lit sem þak á niðurstöðu hópsins. Í öryggi er hann ÖR0 með sjö forsenduaðgerðum. Í skólahaldi var hann lagður fram með sex forsenduaðgerðum en felldur út að tillögu rýnihóps, og í húsnæði og búsetu er hann ekki tekinn upp; í báðum tilvikum skilar venslun milli vísa sama gagni.
Forsenduaðgerðir	Orðið forgangsaðgerð víkur fyrir forsenduaðgerð. Þær eru merktar með ljósbláum bakgrunni á heiti hvar sem þær koma fyrir í vísatöflum, í öllum hópum, en ekki innan forsenduvísisins sjálfs.
Tímamörk á forsendum	Gul forsenda fær 48 klukkustunda frest, forsenda forsenduvísis 12 klukkustundir, og rauð forsenda 12 klukkustundir. Heildarmat má ekki standa á rauðu lengur en 12 klukkustundir án viðbragða. Komi fram vitneskja um yfirvofandi atburð skal brugðist við þegar í stað.
Prepaskipt regla forsendna	Forsenda í fullri virkni eða eftirfylgni leyfir grænt (1-0,75), forsenda í vinnslu setur þak á gult (0,5), og forsenda sem er ekki hafin eða skammt á veg komin fellir vísinn í rautt (0 og 0,25).
Litapak á heildarniðurstöðu	Séu tveir eða fleiri vísar gulir verður niðurstaðan gul, og sé einn rauður verður hún rauð. Reglan leggst ofan á prósentumörkin; hlutfallið heldur áfram að reiknast og er birt óbreytt.
Litamörk	Mörkin eru sett án skörunar: grænt 75 prósent og yfir, gult 50 og allt að 75 prósentum, rautt undir 50 prósentum. Fyrir heildarniðurstöðu hópsins gilda þrengri mörk, 85 og 75 prósent. Sama orðalag er notað um öll mælimörk í minnisblöðunum.
Vensl milli vísa	Vísir getur verið forsenda annars vísis og birtist þá sem forsendulína með lit en án vægis og stiga. Háður vísir getur ekki orðið grænn nema sá vísir sem er forsenda hans sé grænn. Vensl hvers hóps eru sýnd á mynd í aðferðarkafli.
Vensl milli aðgerða	Ekki var farið í að greina vensl milli aðgerða, en ljóst er að nokkrar aðgerðir eru venslaðar í raun. Þess er getið í aðferðarkafli allra hópa.
Röðun í töflum	Vísar raðast í númeraröð, eins og vísakaflarnir sjálfir. Forsendulínur sem setja þak á lit hópsins standa þó ávallt efst.
Einkvæm raðnúmer	Hverri aðgerð og hverjum vísi er gefið einkvæmt raðnúmer; vísar bera auk þess einkennisstafi hópsins.
Litur á stöðu aðgerða	Staða hverrar aðgerðar er lituð í aðgerðatöflum. Textar sem fjalla um liti eru jafnframt merktir í sama lit.
Vægi vísa	Vægi er flokkað í 5 prósentu þrepum þar sem því verður við komið; fjöldi vísa getur haft áhrif. Beitt er skynsemismati hópsins.
Sviðsmynd B	B felur ekki í sér sjálfstæðar aðgerðir og er því ekki metin út frá virkni aðgerða heldur mæld. B-töflur falla út og í staðinn kemur lýsing í texta við hvern vísi.

Forsendur án millistigs	Kaflinn fellur út. Reglan var arfur frá mælikvörðum Alþjóðabankans, þar sem farið var beint úr grænu í rautt. Með fimm þrepa kvarðanum hefur þörfin fallið niður, og þar sem tvígildur mælikvarði á við, sbr. ÖR2, kemur það fram í lýsingu vísisins.
Ensk heiti	Falla út úr vísahausum í öllum hópum.

5. Færslur vísa milli hópa

Eftirfarandi vísar hafa færst milli vinnuhópa. Allir flytjast óbreyttir með sínum aðgerðum, stöðum og innbyrðis vægi aðgerða; aðeins vægi vísisins innan hópsins er stillt af.

Vísir	Úr hópi	Í hóp	Nýtt auðkenni	Rök
PR11 · Rýmingargeta skólastofnana	Skólahald	Öryggi	ÖR9	Rýming skóla er hluti af öruggri rýmingu. Vísirinn er forsenda ÖR1.
PR13 · Rýmingargeta í íþrótt- og æskulýðsstarfsemi	Skólahald	Öryggi	ÖR10	Rýming frístunda- og íþróttastarfs er hluti af öruggri rýmingu. Forsenda ÖR1.
PR3.5 · Fjarskipti	Húsnæði og búseta	Öryggi	ÖR7	Fjarskipti teljast til boðleiða. Forsenda ÖR1.
PR3.6 · Samgöngur	Húsnæði og búseta	Öryggi	ÖR8	Samgöngur teljast til flóttaleiða. Forsenda ÖR1.
BO6 · Samskipti og traust	Húsnæði og búseta	Öryggi	ÖR12	Upplýsingamiðlun og samskipti eru grunnatriði öryggis. Fær nýtt heiti.
BO6 · Samskipti og traust	Öryggi	Húsnæði og búseta	—	Færðist fyrst til húsnæðis í ágúst en aftur til öryggis 9.9.2026.
MS6 · Stjórnarsýsla og fjármögnun	Öryggi	Utan hópa	—	Stendur utan hópa og án mælingar og fylgir sem sérstakt skjal.
TP5 · Samfella í veitustarfsemi	Öryggi	Fellur út	—	Veitusamfella er afgreidd í veituvísam hjá húsnæðis- og búsetuhópi.
BO4 · Endurkoma og uppbygging	Öryggi	Endurreisnarhópur	—	Tengdur endurreisn fremur en öryggi. Efni hans er í minnisblaði um tillögu að vægi mótvægisaðgerða í rýmingu og endurkomu, dagsettu 18.8.2026.
PR6-BO1 · Fyrirsjáanleiki og lífvænlegt samfélag	Húsnæði og búseta	Endurreisnarhópur	—	Tengdur endurreisn fremur en búsetu.
MS1 · Aðgengi að þjónustu sveitarfélagsins	Skólahald	Fellur út	—	Aðgerðir koma fram undir öðrum vísam.

Nýir vísar

Vísir	Hópur	Rök
ÖR0 · Forsenduvísir	Öryggi	Ber sjö forsenduaðgerðir og setur þak á lit hópsins.
ÖR11 · Rýmingargeta stofnana Grindavíkurbæjar	Öryggi	Rýming stofnana sem eru í virkni er forsenda öruggar rýmingar. Nær yfir bæjarskrifstofur, Hafnarhús, Kvikuna, bókasafn og þjónustumiðstöð.

6. Öryggi í Grindavík · 91,09% grænt

Hvað breyttist

Atriði	Breyting
Sex vísar koma inn	PR3.5 fjarskipti, PR3.6 samgöngur og BO6 samskipti og traust færast hingað frá húsnæðis- og búsetuhópi sem ÖR7, ÖR8 og ÖR12. PR11 og PR13 færast frá skólahaldi sem ÖR9 og ÖR10. Nýjum vísi er bætt við, ÖR11 um rýmingargetu stofnana Grindavíkurbæjar.
Ný númering	ÖR0 til ÖR12. Gömlu kóðarnir falla út.
Forsenduvísir	ÖR0 með sjö forsenduaðgerðum: 2, 38, 62, 67, 69, 70 og 72. Hann ber engin stig en setur þak á lit hópsins. Aðgerðir hans flokkast jafnframt undir „rauð flögg“ og skal yfirfara þegar mat er gert í atburði samkvæmt þrepaskiptingu lögreglustjóra.
Ný númer aðgerða	X5 verður 70, X42 verður 72, X2 verður 73, X3 verður 74, X38 verður 75, X40 verður 76, X43 verður 77, X41 verður 78, X39 verður 79, X12 verður 138, LS3 verður 139, X26 verður 245, X27 verður 246, X28 verður 247, X30 verður 255, X31 verður 256, X32 verður 257, X33 verður 258, X47 verður 143, X48 verður 144.
Aðgreindar rýmingaraðgerðir	Prófunaráætlanir og yfirferð rýmingaráætlana voru áður sömu aðgerðir í þremur vísum. Þær eru nú aðgreindar eftir stofnun: 125 og 138 standa fyrir leik- og grunnskóla í ÖR9, 154 og 156 fyrir þrumuna og Íþróttamiðstöðina í ÖR10, og 141 og 142 fyrir stofnanir bæjarins í ÖR11. Ástæðan er sú að prófanir við hljóðmerki eiga aðeins við skólana; í viðbragðsáætlunum annarra stofnana er ekki fjallað um þær.
316	Heiti úr Kortlagning ákvarðanatökuferlis við rýmingu í Yfirferð og endurmat þrepaskiptingar við rýmingu og endurkomu. Staða úr 0 í 0,5.
Stöðubreytingar	6 í 0,75, 15 í 0,75, 16 í 0,75, 65 í 1, 66 í 1, 122 í 1, 124 í 1, 125 í 1, 143 í 1, 144 í 1, 151 í 0,75, 152 í 1, 153 í 1, og 307 úr 1 í 0,75.
6	Heiti verður Jarðkönnun utan þéttbýlis en innan varnargarða, sem afmarkar aðgerðina við matssvæðið.
Rýmingarleiðbeiningar	Orðið rýmingartilmæli vikur fyrir rýmingarleiðbeiningum í aðgerðum 15 og 128 og í texta.
Tímamörk á forsendum	Gul forsenda fær 48 klukkustunda frest, forsenda forsenduvísis 12 klukkustundir, og rauð forsenda 12 klukkustundir.

Niðurstaða

Heildarniðurstaða hópsins er 91,09 prósent og enginn vísir er gulur. Hópurinn fer úr gulu í grænt frá fyrri útgáfu, einkum vegna þess að rýmingaráætlanir skóla, íþróttastarfs og stofnana bæjarins eru komnar á réttan kjöl. ÖR12 um upplýsingamiðlun og samskipti situr lægst, nákvæmlega á neðri mörkum græna bilsins í 75 prósentum.

Leiðréttingar á aðgerðum vinnuhópanna

Nr	Breyting
4	Heiti verður Niðurrif ónýtra húsa í þéttbýli, í samræmi við aðgerðaskjalið og HU1.
36	Fellur út úr ÖR3 og vægi hennar færist á aðgerð 35, sbr. matssvæði.
60	

Staða 0,25. Búnaður er fyrir hendi í Grindavík en ekki liggur nægilega skýrt hver eigi að manna. Ljúka þarf samráði við Sjúkratryggingar.

62	Heiti úr Vöktun sprungusveima í Vöktun sprungubelta.
65	Heiti verður Skilgreining lágmarksviðbragðs viðbragðsaðila.
71	Númerið er frátekið fyrir sameininguna í 65. Rýmingaráætlun viðbragðsaðila fær númerið 72.
243	Aðgerðin er styrking í ÖR7 en sambærilegar aðgerðir, 203, 213, 223 og 233, eru forsendur í veituvísum hjá húsnæðis- og búsetuhópi. Ástæðan er sú að fjarskiptin hvíla á fjarskiptafyrirtækjunum sjálfum og Neyðarlínunni en ekki á veitu sem bærinn rekur.
246	Heiti verður Tvö fjarskiptafyrirtæki með fjarskiptatengingu til Grindavíkur.
252	Heiti verður Reglulegur snjómokstur flóttaleiða (núverandi) Vegagerðin.
254	Heiti verður Samkomulag um snjómokstur flóttaleiðir GRV innanbæjar.

7. Öryggi húsnæðis og búsetu · 91,56% grænt

Hvað breyttist

Atriði	Breyting
Heiti skjalsins	Úr Vægi vísa í húsnæði og búsetu í Niðurstöður mats á öryggi húsnæðis og búsetu.
Þrír vísar fara í öryggi	PR3.5 fjarskipti, PR3.6 samgöngur og BO6 samskipti og traust færast í öryggishóp sem ÖR7, ÖR8 og ÖR12. Hópurinn fer úr átta vísam í fimm.
Ný númering	HU1 til HU5. Gömlu kóðarnir falla út.
Forsenduvísir	Ekki tekinn upp hér. Venslun milli vísa skilar sama gagni: HU1 hvílir á veituvísunum fjórum.
Ný númer aðgerða	X15 verður 260, X16 verður 261, X17 verður 262, X18 verður 263, X19 verður 264, X20 verður 265, X21 verður 266, X22 verður 267, X23 verður 268, X24 verður 269, X25 verður 270, X34 verður 273, X35 verður 274, X36 verður 275, X6 verður 272.
277	Ný aðgerð: Útbúa reglur um takmörkun á notkun hættulegra húsa, styrking í 0,25. Hún tekur við vægi aðgerðar 276 um úttekt starfsleyfisskyldra bygginga, sem fellur út úr matinu. Aðgerðin er jafnframt tekin upp í MS6.
271	Heiti stytt í Kortlagning hættulegra húsa. Staða úr 0,5 í 0,75, svo vísirinn fellur ekki lengur í gult.
Stöðubreytingar	204 í 0,5, 215 í 0,75.
204	Fellur út úr HU3; stendur áfram sem styrking í HU2.
232	Heiti verður Fráveita: Áætlun um leiðbeiningar til húseigenda um að kanna virkni kerfisins áður en mannvirki er tekið í notkun.
Lágar	Örnefnið er Lágar og þágufallið í Lágum, sbr. aðgerð 265 um dælur vatnsbóla.

Niðurstaða

Heildarniðurstaða hópsins er 91,56 prósent og enginn vísir er gulur. Veiturnar fjórar standa allar vel og HU1 um öruggt húsnæði og lóðir mælist 88,75 prósent. Kortlagning hættulegra húsa er eina forsendan í hópnum sem þarfnast eftirfylgni.

8. Skólahald og velferð barna · 90,66% grænt

Hvað breyttist

Atriði	Breyting
Heiti skjalsins	Úr Vægi vísa í skólahaldi í Niðurstöður mats á skólahaldi og velferð barna í Grindavík.
Tveir vísar fara í öryggi	PR11 og PR13 færast í öryggishóp sem ÖR9 og ÖR10. Hópurinn fer úr sjö vísum í fimm.
Ný númering	SK1 til SK5. Gömlu kóðarnir falla út.
Forsenduvísir	Lagður fram með sex forsenduaðgerðum en felldur út að tillögu rýnihóps. Venslun milli SK1, SK2 og SK3 skilar sama gagni.
Gátlistar falla út	X11, X13 og X14 falla allir út. Þeir báru stöðuna 0 og drógu sína vísa niður. Mælingum er vísað til framhaldsverkefnis um heildstætt áhættumat.
Ný númer aðgerða	X7 verður 145, X8 verður 146, X9 verður 147, X10 verður 148, X44 verður 149, X45 verður 150, X49 verður 129.
129	Ný aðgerð: Barnvæn upplýsingagjöf, kynning fyrir leik- og grunnskóla. Aðgreind frá 128 sem eru barnvænar rýmingarleiðbeiningar og standa í ÖR5.
133	Færast úr forsendum í styrkingar í SK5.
Stöðubreytingar	110 í 0,75, 127 í 0,75, 134 í 1, 135 í 1.
134	Heiti verður Áætlun um skipulagt frístundastarf komi til rýmingar (gátlisti) og staðan 1, svo SK5 fer úr gulu í grænt.
149	Skólanámskrá leik- og grunnskóla er styrking en ekki forsenda, í stöðu 0,75. Uppfærð skólanámskrá skal liggja fyrir eigi síðar en 1. desember samkvæmt tilmælum menntamálaráðuneytis; tímamarkið er skráð í aðgerðaáætlun.
Heiti aðgerða	Mörg heiti fá viðbót sem aðgreinir stig: leik- og grunnskóla, grunnskóla eða leikskóla, sbr. aðgerðir 114, 115, 117, 120, 121, 125, 126, 130, 136 og 137.

Niðurstaða

Heildarniðurstaða hópsins er 90,66 prósent og enginn vísir er gulur. SK5 um samfellu í íþrótt- og æskulýðsstarfi fer úr 66,25 prósentum í 91,25 og þar með úr gulu í grænt. SK4 um barnavernd og samfellu í heilbrigðis- og félagsþjónustu situr lægst í 83,75 prósentum og ber þrjár af fimm eftirfylgniforsendum hópsins.

19.9.2026

Sigurður Rúnar Karlsson, eigna- og veitustjóri, Grindavíkurbær

Dóra Hjálmarsdóttir, Verkís